

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 136. löggjafarþings, frá 20. desember 2008 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 20. janúar 2009.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.“

Alþingi samþykkti hinn 20. desember 2008 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 136. löggjafarþings, frestað hinn 22. desember 2008.

Forsætisráðuneytinu, 23. desember 2008.

F. h. r.
Halldór Árnason.

Sigrún Ólafsdóttir.